

Fimmtudaginn 13. júní 1996.

Nr. 280/1995.

Stefán G. Stefánsson

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

gegn

Ævari Guðmundssyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kaupsamningur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. ágúst 1995. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða 697.146 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum á mánuði frá 30. júní 1985 til 15. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 3.831.377 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 20. september 1994 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stefán G. Stefánsson, greiði stefnda, Ævari Guðmundssyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1995.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. júní 1995, er höfðað með birtingu stefnu 9. september 1994. Málið var endurupptekið 30. júní 1995 og tekið til dóms að nýju þann dag.

Stefnandi er Stefán G. Stefánsson, kt. 080246-4129, Mánabraut 5, Kópavogi.

Stefndi er Ævar Guðmundsson, kt. 050341-2409, Kirkjubraut 21, Sel-tjarnarnesi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 697.146 kr., ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.831.377 kr. ásamt dráttarvöxtum [...].

Í báðum tilvikum krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði alsýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Til vara gerir stefndi þær kröfur, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Málsatvik.

Stefnandi og stefndi áttu um helmingshlut hvor í félaginu Vélum og tækjum hf. annars vegar og Seifi hf. hins vegar. Árið 1983 sömdu þeir um að kaupa hvor annars hlut, þannig, að stefnandi keypti hlut stefnda í Vélum og tækjum hf. og stefndi keypti hlut stefnanda í Seifi hf. Í fundargerð frá aðalfundi Seifs hf. 1. október 1983 kemur fram, að stjórnarkjör hafi farið fram í kjölfar framsals hlutabréfa og að formaður hafi verið kosinn stefndi, Ævar Guðmundsson. Endurskoðanda félaganna var falið að skipta upp rekstrinum, en aðilar voru sammála um, að stefndi þyrfti að greiða eitthvað á milli fyrir hlut stefnanda í Seifi hf. Endurskoðandinn taldi réttmætt, að stefndi greiddi stefnanda 750.000 kr. í milligjöf, og gerði að tillögu sinni, að stefndi gæfi út til stefnanda verðtryggt skuldabréf fyrir þessari fjárhæð til fimm ára með föstum 5% ársvöxtum. Í greinargerð stefnda kemur fram, að hann hafi um síðir fallist á fjárhæð milligjafarinnar, og greiddi hann inn á skuldina 121.723 kr. 10. september 1984 og aftur 7. janúar 1985 121.670 kr., en skulda-bréfið var aldrei gefið út. Í framburði stefnanda fyrir réttinum kom fram, að hann hefði ekki framselt hlutabréf sín í Seifi hf. og ekki heldur fengið afhent hlutabréf þau, sem hann keypti af stefnda í Vélum og tækjum hf. Hvorki stefnandi né stefndi gerði grein fyrir breyttri hlutabréfaeign sinni í skattframtölum sínum, og var það ekki fyrir en á skattframtali ársins 1991, sem stefnandi hætti að telja fram sem sína eign hlutabréf í Seifi hf., og á

skattframtali ársins 1992 hætti stefndi að telja fram sem sína eign hlutabréf í Vélum og tækjum hf.

Ágreiningur er með aðilum, hvort samkomulag hafi náðst um, að skulda-bréf skyldi gefið út fyrir hlutabréfakaupunum. Ágreiningslaust er, að skuld-ina átti að greiða með föstum 5% vöxtum og verðbótum, en ágreiningur um, hvort samið hafi verið um gjalddaga eða hvort skuldin skyldi greidd eftir efnunum hverju sinni.

Þá er ágreiningur um, hvort skuldin er niður fallin vegna eftirgjafar stefn-anda á skuldinni eða fyrir fyrningu.

Í framburði stefnda fyrir réttinum kom fram, að hann taldi, að aldrei hefði samist um ákveðið verð fyrir hlutabréfin, og kemur þá einnig til at-hugunar, hvort samningur um kaup hlutabréfanna hafi í raun komist á.

Fyrir dóminn komu aðilar málsins og vitnin Þorbjörg Einarsdóttir, kt. 070147-7359, og Rafn Haraldsson, kt. 250757-4099.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður aðalkröfu sína reista á því, að samkomulag hafi verið milli stefnanda og stefnda um efni skuldabréfsins, sem til hafi staðið, að stefndi gæfi út til stefnanda, þ. á m. um fjárhæðina 750.000 kr., dagsetn-ingar og fjölda gjalddaga.

Varakrafa stefnanda er studd því, að samningur stefnanda og stefnda um efni skuldabréfsins hafi aðeins náð til fjárhæðar bréfsins, verðtryggingar og vaxta, en að um gjalddaga bréfsins hafi ekki enn verið samið. Beri stefnda því að greiða höfuðstól skuldarinnar auk vísitöluálags og 5% ársvaxta frá tilætluðum útgáfudegi, 31. desember 1983, til þingfestingardags, en dráttar-vexti frá þeim tíma, allt að frádregnum innborgunum. Hann kveður vara-kröfu þannig útreiknaða, að höfuðstóll skuldarinnar sé uppfærður miðað við vísitölu árlega og 5% ársvextir reiknaðir á nýjan höfuðstól og bætt við höfuðstólinn.

Stefnandi kveðst hafa skorað reglulega á stefnda að greiða skuldina, frá því að viðskipti þessi við stefnda hafi farið fram, og beint slíkum tilmælum til lögmanns stefnda. Hann hafi þó ekki fyrr en nú látið til skarar skríða með formlegri innheimtu, þar sem stefndi hafi jafnan borið við bágunum fjár-hag, þegar stefnandi hafi minnst á hina ógreiddu skuld. Vegna ættartengsla þeirra hafi stefnandi hingað til ekki höfðað mál til heimtu skuldarinnar. Til tryggingar hafi stefnandi hins vegar ekki framselt hlutabréf sín í Seifi hf. Vegna yfirvofandi fyrningar skuldarinnar eigi stefnandi nú hins vegar ekki annarra kosta völ en höfða mál þetta til heimtu skuldarinnar.

Stefnandi vísar til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbind-ingargildi samninga og greiðsluskyldu á lögmatum skuldakröfum.

Hann styður gagnályktun 1. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningarfrest óútgefins skuldabréfs.

Kröfur um dráttarvexti reisir stefnandi á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og málskostnaðarkröfu sína á 1. mgr. 130. gr. eml. nr. 91/1991, sbr. 3. mgr. 129. gr. sömu laga.

IV.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi kveður stefnanda hafa árið 1983 lagt hart að sér að skipta þannig upp rekstri fyrirtækjanna Seifs hf. og Véla og tækja hf., að í hlut stefnanda og fjölskyldu hans kæmu Vélar og tæki hf., en stefndi og fjölskylda hans tækju að öllu leyti við eignarhaldi og rekstri Seifs hf.

Stefndi hafi í fyrstu verið andsnúinn þessum hugmyndum, en að athug-uðu máli fallist á hugmynd stefnanda um að skipta upp rekstrinum með framangreindum hætti. Hafi Jóni Ólafssyni endurskoðanda verið falid að sjá um nauðsynlegan undirbúning slíkra uppskipta og m. a. finna, hvað eðlilegt væri að greiða á milli hlutabréfanna í félögunum, en eins og högum félaganna hafi þá verið háttað, hafi aðilar verið sammála um, að stefndi yrði að greiða þar eitthvað á milli fyrir hlut stefnanda í Seifi hf.

Fyrri hluta árs 1983 hafi endurskoðandinn sett fram hugmynd að upp-gjöri milli stefnanda og stefnda í þessum efnunum. Hafi hann talið réttmætt, að stefndi greiddi stefnanda 750.000 kr. í milligjöf fyrir hlut stefnanda í Seifi hf. að teknu tilliti til verðmætis hluta stefnda í Vélum og tækjum hf., sem staðið hafi til, að gengi til stefnanda. Þá hafi endurskoðandinn gert það að tillögu sinni, að stefndi gæfi út til stefnanda verðtryggt skuldabréf fyrir þessari fjárhæð til fimm ára með föstum 5% ársvöxtum. Stefnandi hafi þá þegar fallist á þessa hugmynd endurskoðandans, en stefndi ekki. Hafi stefndi talið, að milligjöfin væri of há og ekki kæmi til greina, að hann gæfi út skuldabréf fyrir fjárhæðinni í samræmi við tillögu endurskoðandans. Reynt hafi verið að ná samkomulagi um ágreiningsefnið, en lítið gengið. Til að höggva á hnútinn hafi stefndi lýst yfir, að hann væri reiðubúinn að fallast á fjárhæð milligjafarinnar, ef hann fengi að greiða hana eftir efnunum og að-stæðum á næstu fimm árum að viðbættum verðbótum og föstum 5% vöxt-um. Hafi verið fallist á þessa greiðslutilhögun af hálfu stefnanda og síðan verið gengið formlega frá kaupunum á aðalfundi Seifs hf. 1. október 1983. Þá hafi verið kosin ný stjórn fyrir félagið á grundvelli þessarar nýju eignar- aðildar að hlutabréfum stefnanda.

Í samræmi við þetta samkomulag hafi stefndi greitt inn á skuldina 121.723 kr. 10. september 1984 og aftur 7. janúar 1985 121.670 kr. Þá fullyrði stefndi, að hann hafi í þriðja sinn greitt inn á skuldina, líklega síðar á árinu 1985, og þá með erlendum tékka. Stefndi hafi ekki fundið gögn fyrir þessari greiðslu og áskilji sér rétt til að leggja slík gögn fram á síðari stigum málsins. Ekkert hafi síðan verið greitt inn á skuldina, þar sem rekstur Seifs hf. hafi ekki gengið sem skyldi eftir þessi uppskipti. Félagið hafi orðið fyrir mörgum stóráföllum og oft legið við, að það hefði þurft að gefa sig upp sem gjaldþrota. Á þessum erfiðleikaárum hafi þeir frændur, stefnandi og stefndi, eðlilega oft átt erindi hvor við annan og stefnandi því fylgst með þessum erfiðleikum í rekstri Seifs hf. Stefndi hafi sýnt þessum erfiðleikum mikinn skilning og marglýst yfir við stefnda, að hann myndi ekki ganga eftir eftirstöðvum skuldarinnar. Það sé því rangt, sem stefnandi haldi fram, að hann hafi reglulega skorað á stefnda að greiða skuldina og beint slíkum til-mælum til lögmanns stefnda. Það sé ekki fyrr en á yfirstandandi ári, sem stefnandi hafi farið að hreyfa þessari kröfu sinni að nýju við stefnda. Stefndi hafi hafnað greiðslutilmælum stefnanda og vísað til áður gefinna yfirlýsinga um, að skuldin væri upp gefin.

Sýknukrafa stefnda byggist á tveimur málsástæðum. Er hin fyrri sú, að stefnandi hafi, svo sem að framan greini, gefið stefnda upp skuldina og hún sé því niður fallin af þeim ástæðum. Verði ekki fallist á þá málsástæðu, vísar stefndi til þess, að krafa stefnanda sé nú niður fallin fyrir fyrningu, sbr. 1. mgr. 1. gr., sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Er því haldið fram með vísan til hins umsamda greiðslumáta skuldarinnar, að fyrningarfrestur kröfunnar fari að renna í síðasta lagi 1. október 1988, þ. e. að liðnum fimm árum, frá því að formlega var gengið frá kaupum á bréfunum á aðalfundi Seifs hf. 1. október 1983. Samkvæmt því hafi krafan fallið niður sökum fyrningar í síðasta lagi 1. október 1992, enda sannanlega ekkert að gert allan tímann til rofa eða slita á fyrningunni, sbr. 1. gr., sbr. 5. gr., 6. gr. og 11. gr. fyrningarlaga.

Sérstaklega er því mótmælt, að krafan lúti fyrningarfresti skv. 4. gr. laga nr. 14/1905, svo sem haldið sé fram í stefnu. Ekkert skuldabréf hafi orðið til í lögskiptum aðila, og komi því slíkur fyrningarfrestur ekki til álita. Stefndi minnir á, að þeirri greiðslutilhögun hafi verið hafnað af stefnda og samið um, að skuldin yrði greidd eftir efnun og ástæðum á fimm árum með þeim lánskjörum, sem áður greini.

Skuld sæti ekki tíu ára fyrningarfresti, nema hún eigi sér grundvöll í skuldabréfi, dómi eða opinberri sátt, sbr. 1. lið 4. gr. laganna. Engu slíku sé til að dreifa í máli þessu, og engu breyti, þótt endurskoðandinn hafi hagað

tilbúningi greiðslukvittana með þeim hætti, sem raun beri vitni. Við það er miðað, að hér sé einkanlega um að ræða færslufylgiskjöl í bókhaldi firmanna, sem endurskoðandinn hafi séð um færslu á, frekar en eiginlegar kvittanir. Þetta komi m. a. fram í því, að kvittanirnar séu ekki undirritaðar. Þá sé þess að geta, að stefndi hafi aldrei séð þessi skjöl, fyrr en mál þetta hafi komið upp, og engan þátt átt í gerð þeirra. Stefndi telur því, að hann eigi engan halla að bera af sjálfum tilbúningi þessara skjala.

Varakrafa stefnda er um verulega lækkun stefnukröfu með vísan til innborgana stefnda. Þá er varakrafan reist á því, að ósanngjarnt sé að bera fyrir sig samninginn um hið upphaflega umsamda verð, eftir að ljóst varð, hvernig mál þróuðust um verðmæti hins selda, þ. e. hlutabréfanna. Stefndi vísar til 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, um meginreglu í þessum efnunum.

V.

Niðurstaða.

Mál þetta er höfðað til greiðslu skuldar, sem stofnaðist vegna hlutabréfa-kaupa. Mjög óljóst er, hvernig samdist um greiðslu fyrir hlutabréfin. Aðalkrafa stefnanda er á því reist, að samist hafi um, að skuldin, 750.000 kr., yrði greidd með skuldabréfi til fimm ára, út gefnu 31. desember 1983, verðtryggðu með 5% ársvöxtum, sem endurgreiða skyldi með tíu afborgunum á sex mánaða fresti, hinni fyrstu 30. júní 1984, en stefndi hefur mótmælt því. Skuldabréf þetta var aldrei gefið út, en stefndi greiddi tvisvar inn á skuldina við stefnanda.

Af málatilbúnaði stefnanda er ljóst, að hann telur stefnda hafa keypt hlutabréfin í Seifi hf., þótt fram hafi komið hjá honum, að hlutabréfin hafi aldrei verið framseld. Þá lýsti stefndi yfir því fyrir réttinum, að hann teldi sig hafa keypt hlutabréfin, en jafnframt kvað hann endanlegt kaupverð bréfanna ekki hafa verið ákveðið. Kemur því til athugunar, hvort efni samnings aðila hafi verið svo óljóst, að telja megi, að samningur hafi aldrei komist á um kaup bréfanna. Stefndi hefur í greinargerð sinni og málatilbúnaði öllum gert ráð fyrir því, að fjárhæð milligjafar hlutabréfanna hefði verið endanlega ákveðin 750.000 kr., og ekki talið ágreining aðila standa um fjárhæð skuldarinnar. Í kjölfar ákvörðunar um hlutabréfakaup í Seifi hf. var og skipt um stjórn í félaginu og stefndi kosinn formaður. Þá kemur fram í fundargerð frá aðalfundi Seifs hf. í október 1983, að stefndi hafi keypt hlut stefnanda í félaginu. „Kvittanir“, sem endurskoðandi beggja aðila hefur gefið út, bera það einnig með sér, að kaupverð hlutabréfanna hafi verið 750.000 kr. Að þessu virtu svo og með hliðsjón af málflytningufirlýs-

ingu lögmanns stefnda fyrir réttinum verður að telja, að samkomulag hafi orðið með aðilum um kaup á hlutabréfunum við þessu verði. Hins vegar hafa engar sönnur verið á það færðar, að samkomulag hafi tekist milli aðila um, að skuldabréf skyldi gefa út fyrir skuldinni.

Kemur þá til athugunar, hvað leiða megi af gögnum málsins og framburði aðila og vitna um nánara efni kröfunnar.

Einu vísbendingar í gögnum málsins um það, hvernig greiða átti skuld stefnda, er að finna í „kvittunum“ endurskoðandans og minnisblaði frá honum, en endurskoðandinn er látinn. Þar kemur fram, að stefndi hafi tvisvar greitt stefnanda vegna kaupa á hlutabréfum í Seifi hf. og heildar-kaupverð verið 750.000 kr. Í svonefndum kvittunum er tilgreind afborgun með vöxtum, og einnig er vísitala reiknuð inn í afborgun. Þá eru þar tilgreindir gjalddagar 1. janúar 1984 og 1. júní 1984. „Kvittanir“ þessar eru ekki undirritaðar, en óumdeilt er, að endurskoðandi aðila sjálfra sem og félaganna Seifs hf. og Véla og tækja hf. skrifaði þær. Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að samið hafi verið um greiðslu skuldarinnar á þann hátt, sem kvittanir þessar bera með sér, og kveðst ekki hafa séð þær fyrr en við höfðun máls þessa. Þar sem stefndi hefur eindregið mótmælt því, að skuldina ætti að greiða á þeim gjalddögum, sem stefnandi heldur fram, og ekkert annað en „kvittanir“ þessar liggja fyrir um það, verður ekki talið, að sönnun hafi komið fram um, að samkomulag hafi tekist með aðilum um fjölda gjalddaga og dagsetningu þeirra. Verður því við það að miða, að samkomulag hafi einungis náðst um þá fjárhæð, sem stefndi átti að greiða stefnanda fyrir hlutabréfin, en ágreiningslaust er, að fjárhæðina átti að greiða með vöxtum og verðbótum. Aðalkrafa stefnanda er studd því, að skuldina hafi átt að greiða á fimm árum. Stefndi hefur samsinnt því, og hefur ekkert komið fram í gögnum málsins um, að samist hafi um, að kröfunni yrði ekki markaður ákveðinn tími, eins og varakrafa stefnanda felur í sér. Verður því ekki talið, að færðar hafi verið sönnur á annað en krafan skyldi greidd á fimm árum.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að skuldin sé niður fallin vegna eftirgjafar stefnanda á henni. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem rennt getur stöðum undir þá staðhæfingu stefnda, að stefnandi hafi gefið stefnda eftir skuldina, og verður því ekki á þá málsástæðu stefnda fallist.

Kemur þá til álita, hvort krafan sé fyrnd. Eins og að framan greinir, verður við það að miða, að skuldina hafi átt að greiða á fimm árum. Þá er edlilegt að miða við, að til skuldarinnar hafi verið stofnað, er hlutabréfin voru boðin til kaups á hluthafafundi í Seifi hf. 1. október 1983, en á fundinum varð samkomulag um, að stefndi keypti mestan hlut stefnanda í Seifi hf.

Eins og fram er komið, þykir ekki sannað, að samið hafi verið um ákveðna gjalddaga, en ljóst er, að krafan átti að vera greidd 1. október 1988, fimm árum eftir stofnunardag skuldarinnar. Krafan varð því gjaldkræf 1. október 1988, og byrjaði þá fyrningarfrestur að líða. Stefndi hefur ekki fært sönnur á, að hann hafi gert nokkurn reka að því að innheimta kröfuna með þeim hætti, að fyrningu yrði slitið, fyrr en með höfðun máls þessa í september árið 1994. Samkvæmt 1. mgr. 1. tl. 3. gr. fyrningarlaga var skuldin fyrnd, er málið var höfðað, sbr. 1. gr., sbr. og 5. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905, og verður ekki séð, að miðað verði við gagnályktun frá 4. gr. fyrningarlaga í málinu. Með hliðsjón af öllu ofangreindu verður að telja kröfu stefnanda niður fallna fyrir fyrningu, og verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum greiði stefnandi stefnda 220.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Ingveldur Einarsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ævar Guðmundsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Stefáns G. Stefánssonar. Stefnandi greiði stefnda 220.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.
